

Fréttabréf

2010

3-4. tbl. 4. árg.
desember 2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN ALMANNAVARNADEILD



Eyjafjöll - Stöðuskýrsla

Skipulag áfallahjálpar

Björgun 2010

Almannavarnir
sveitarfélaganna

Æfing
heilbrigðisstofnana og
SST

Mat á ógn vegna slysa
í kjarnorkukafbátum

Samningur RKÍ um
rekstur
neyðarmötuneyta

Norðurslóðaverkefnið
CoSafe

Fundir
Vísindamannaráðs
almannavarna

Kynning á flóðum

InterCept ráðstefnan

Viðbragðsáætlun
vegna gróðurelda

Nordred

Dómsmálaráðherra í
heimsókn

Almannavarnir og
áhættuskoðun

Flugslysaæfingar

Vettvangsstjóra-
námskeið

Stöðuskýrsla inn á hvert heimili undir Eyjafjöllum

Í byrjun nóvember kom út á vegum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra stöðuskýrsla vegna eldgosa á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Skýrslan er samantekt um stöðu verkefna og tillögur um aðgerðir í kjölfar eldgosanna vorið 2010. Í skýrslunni er nokkuð ítarlega farið yfir stöðu mála, horfur og tillögur í endurreisnarstarfinu í nágrenni Eyjafjallajökuls. Þar er horft til velferðar íbúa, umhverfis og efnahags. Fjölmarginir hafa lagt uppbyggingunni á Suðurlandi lið, bæði ríkisstofnanir, sveitarfélög, Búnaðarsambandið, Bændasamtökin, Bjargráðasjóður, Viðlagatrygging Íslands, björgunarsveitir, Rauði krossinn, kvenfélög, heilbrigðisstarfsmenn, prestar, almenningur og fleiri, svo og íbúar á svæðinu. Þá hafa einnig verið stundaðar rannsóknir á heilsufari íbúa, flúor í ösku, jarðvegi og gróðri, áhrif ösku á gróður, hugsamlegum eðjuflóðum svo og ástandi búfjár. Hægt er að nálgast skýrsluna [rafrænt](#) á heimasíðu almannavarnadeildarinnar.



Skipulag áfallahjálpar á Íslandi

Skipulag áfallahjálpar á Íslandi hefur verið í endurskoðun síðan 2005 og helsta ástæða þess að skipulagið hefur verið svo lengi í endurskoðun er að vandaðar rannsóknir hafa stutt breytingar á verklagi vegna áfallahjálpar í hamförum. Einnig hefur íslenskt þjóðfélag breyst þannig að fleiri búa í þéttbýlinu. Endurskoðað skipulag var undirritað á ráðstefnu í Grensáskirkju þann 14. október og því síðan fylgt úr hlaði með kynningu á skipulaginu auk þess sem sagt var frá skipulagi vegna áfallahjálpar eftir jarðskjálftana á Suðurlandi árið 2008 og vegna eldgosanna á þessu ári. Skipulagið byggir á handbók, Viðurkennt verklag á vettvangi sem var þýdd, staðfærð fyrir íslenskar aðstæður og gefin út á rafrænu formi árið 2009. Handbókin er vistuð á vefsíðu Rauða kross Íslands og hana er að finna á þessari vefslóð [HÉR](#) : Skipulag áfallahjálpar á Íslandi er vistað á vefsíðu almannavarnadeildar og er að finna [HÉR](#) : Næst á döfinni er að innleiða skipulag áfallahjálpar og skipa átta manna samráðshópa áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins. Gert er ráð fyrir að í hverjum samráðshópi verði einn aðalmaður og einn varamaður frá heilbrigðisþjónustu, kirkju, félagsþjónustu sveitarfélaganna og Rauða kross deildum umdæmis. Markmið er að fullskipaðir hópar verði í hverju umdæmi fyrir 15. febrúar 2011 og eftir það verða fræðslufundir fyrir þá sem eiga sæti í hópunum.



Björgun 2010

Ráðstefnan Björgun 2010 var haldin dagana 22.- 24 október. Það er Slysavarnafélagið Landsbjörg sem stendur fyrir ráðstefnunni. Björgun er einstakt tækifæri fyrir þá sem starfa við björgunar eða almannavarnamál að nálgast fróðleik. Fjöldmargir fyrirlesarar bæði innlendir og erlendir voru með erindi. Varðandi almannavarnir þá var fjallað um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli frá ýmsum sjónarhornum og einnig voru margir fyrirlestrar um stórar náttúruhamfarir og reynslu alþjóðasamfélagsins af þeim.

Almannavarnir sveitarfélaganna

Í tengslum við ráðstefnuna Björgun 2010 var haldin ráðstefnan „Almannavarnir sveitarfélaganna“ þ. 21. október. Á ráðstefnunni var farið yfir umhverfi almannavarna á Íslandi, hlutverk og ábyrgð sveitarstjórna þegar náttúruhamfarir verða, nauðsynlegan viðbúnað þeirra og viðbrögð hvað reynslan getur kennt okkur.

Margir sveitarstjórnarmenn sóttu ráðstefnuna, en samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 skipar sveitarstjórn almannavarnanefnd í héraði, sem mótar stefnuna og skipuleggur almannavarnastarfið. Erindi á ráðstefnunni tengdust málefnum sveitarfélaganna í almannavörnum, allt frá undirbúningi fyrir áföll, viðbúnaði og viðbrögðum, hlutverki aðgerðaraðila og síðan uppbyggingu eftir áföll. Reynslusögur frá jarðskjálftanum 2008 og eldgosunum 2010 báru vitni um brýna þörf sveitarfélaganna að undirbúa viðbúnað, viðbrögð auk þess að huga að enduruppbyggingarstarfi eftir áföll í sveitarfélögunum. Þá var einnig ráðstefnan „Verkfræði, jarðskjálftar, rústabjörgun“ haldin í tengslum við Björgun 2010.



Samskiptaæfing heilbrigðisstofnana og SST þann 12. nóvember

Markmið þessarar æfingar var að efla tengsl heilbrigðisstofnana og Samhæfingarstöðvarinnar (SST). Þátttakendur voru viðbragðsstjórnir heilbrigðisstofnana, áhöfn heilbrigðisstarfsmanna í SST, sóttvarnalæknir, fulltrúi heilbrigðisráðuneytis og starfsmenn almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Undirbúningur vegna æfingarinnar hófst í október með því að áhöfn heilbrigðisstarfsmanna í SST fór yfir fyrirbyggjandi viðbragðsáætlanir og viðbragðsstjórnir heilbrigðisstofnana fóru yfir sínar samskiptaleiðir og samskiptabúnað. Æfingin sjálf var stutt en hún stóð yfir í tæplega klukkustund og eftir það var símafundur með öllum þátttakendum. Rýni leiddi í ljós að stuttar og tíðar æfingar eru af hinu góða og einnig að það er hverri stofnun nauðsynlegt að yfirfara samskiptabúnað, notkun hans og boðleiðir í það minnsta árlega.

Alþjóðlegur fundur um mat á ógn vegna slysa í kjarnorkukafbátum

Dagana 4. og 5. október var haldinn alþjóðlegur fundur í Reykjavík á vegum Geislavarna ríkisins um mat á ógn vegna slysa um borð í kjarnorkukafbátum. Á fundinum voru kynntar og ræddar tæknilegar upplýsingar um slík slys. Fjallað var um hvaða upplýsingar eru aðgengilegar og nýta má til að leggja mat á afleiðingar slysa. Á fundinn komu m.a. fulltrúar frá kjarnöryggisstofnunum á Norðurlöndunum, Alþjóða kjarnorkumálastofnuninni og fleirum. Frekari upplýsingar um fundinn má finna á vef Geislavarna ríkisins.



Samningur Rauða krossins um rekstur neyðarmötuneyta

Nýverið undirrituðu samstarfssamning Rauði kross Íslands, Menntaskólinn í Kópavogi og Klúbbur matreiðslumeistara um starfsemi neyðarmötuneyta Rauða kross Íslands. Tilgangur verkefnisins er að tryggja faglega umgjörð í framkvæmd og rekstri neyðarmötuneyta en þau eru meðal annars starfrækt tímabundið í fjöldahjálparstöðvum Rauða krossins, þjónustumiðstöðvum almanna- og aðstöðu fyrir hjálparlið í kjölfar náttúruhamfara eða annarra alvarlegra atburða. Samningurinn tekur einnig til tímabundins reksturs súpueldhúsa. Í eldgosunum síðastliðið voru eldaðar um 2000 máltíðir í þjónustumiðstöðvum almanna- og fjöldahjálparstöðvunum.



Norðurslóðaverkefnið CoSafe (Cooperation for safety in sparsely populated areas)

CoSafe er samstarfsverkefni Svía, Finna, Skota og Íslendinga. Markmið þessa verkefnis sem er styrkt af Evrópusambandinu er að bæta þjónustu við þá sem búa á norðurslóðum, þegar slys eða hamfarir verða. Í haust var haldinn árangursríkur vinnufundur í Kuopio í Finnlandi. Nokkrum tíma var eytt í að bera saman hlífðarfátnað viðbragðsaðila og eins var fylgst með nemum á brunaæfingu. Umræða var um gildi æfinga og hvaða æfingaform skilaði mestum árangri. Skotar eru framarlega þegar kemur að æfingum og miðluðu reynslu og þekkingu til annarra þátttakenda. Sama má segja um gestgjafana á þessum fundi, Finna, en þeir hafa samið spurningalista sem gott er að styðjast við þegar æfingar eru rýndar til gagns í lokin. Í febrúar á næsta ári verður lokafundur í Co-Safe vinnuhópnum og þann 17. febrúar 2011 lýkur vinnunni formlega með alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin verður í Lycksele í Svíþjóð. Á þessari ráðstefnu verður lögð áhersla á umræðu um undirbúning viðbragðsaðila sem starfa í kulda, myrkri og strjálbýli norðurslóðanna.

Fundur Vísindamannaráðs almanna- og 1. október

Þann 13. september var haldinn fundur í Vísindamannaráði almanna- og 1. október til að fara yfir stöðu mála vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Niðurstaða fundarins var að gosvirkni í Eyjafjallajökli væri lokið en að það væri einungis hluti af lengri atburðarás sem líklega væri ekki enn lokið. Ef nýtt gos hæfist mætti reikna með fyrirboðum frá GPS mælingum og jarðskjálftamælingum. Enn mætti búast við öskufoki og gjóskuflóðum.

Á fundinum var einnig farið yfir jarðskjálftavirkni á öðrum svæðum, einkum undir Vatnajökli, við Heklu og á svæðinu milli Hestfjalls og Ingólfsfjalls. Staða við Heklu og í Grímsvötnum er þannig á báðum stöðum að búast má við eldgosi hvenær sem er. Á svæðinu milli Hestfjalls og Ingólfsfjalls verða jarðskjálftar á víð og dreif. Þeirri virkni svipar til þess sem var á svæðunum við Árnes og Hveragerði árin á undan stóru jarðskjálftunum sem urðu á þeim slóðum árin 2000 og 2008.

Þann 1. nóvember kom Vísindamannaráðið síðan aftur saman til fundar. Meginumfjöllunarefnið á þeim fundi var hlaupið úr Grímsvötnum og spurningin um það hvort eldgos myndi fylgja í kjölfarið. Niðurstaða fundarins var sú að staða kvikuhólfs undir Grímsvötnum væri svipuð því sem var fyrir hlaupið og gosið í



nóvember árið 2004, það sem skildi hins vegar á milli væri að ekki hefði orðið eins mikið af jarðskjálftum undir Grímsvötnum undanfarna mánuði og varð mánuðina á undan gosinu 2004. Út frá fjölda jarðskjálfta að dæma væru því ekki eins miklar líkur á að hlaupið kæmi eldgosi af stað nú eins og árið 2004. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu var þá ákveðið að fylgjast grannt með öllum breytingum og að búa almannavarnakerfið undir að gos gæti hafist í Grímsvötnum.

Kynning á flóðum í Skagafirði, Borgarbyggð –og Ölfusi

Í desember árið 2006 gerði miklar leysingar og rigningarveður um mestallt land en þá var talsverður snjór á öllu landinu. Þetta veður olli verulegum flóðum á sunnan-, vestan- og norðanverðu landinu. Í kjölfarið á flóðunum fól lðnaðarráðuneytið Vatnamælingum Orkustofnunar að kortleggja útbreiðslu flóða í Hvítá og Ölfusá, Hvítá í Borgarfirði, Héraðsvötnum og Skjálfandaflljóti. lðnaðarráðuneytið skipaði stýrihóp til að fylgjast með framgangi verksins og var Ágúst Gunnar Gylfason, starfsmaður almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra tilnefndur í stýrihópinn af hálfu dómismálaráðuneytisins.

Þegar drög að kortum af útbreiðslu desemberflóðanna 2006 hafa verið tilbúin hafa verið haldnir opnir fundir með sveitarstjórnarmönnum, fulltrúum almannavarna í viðkomandi héraði og landeigendum. Markmiðið með þessum fundum hefur verið að kynna kortin og að fá fram athugasemdir og ábendingar frá staðkunnugum um kortin. Síðustu þrjú fundirnir vegna þessarar kortlagningar voru haldnir nú í haust. Þann 27. október var haldinn kynningarfundur í menningarhúsinu Miðgarði í Skagafirði vegna Héraðsvatna, í félagsheimilinu Valfelli í Borgarbyggð þann 4. nóvember vegna Hvítár í Borgarfirði og í Ráðhúskaffi í Þorlákshöfn þann 11. nóvember vegna neðsta hluta Ölfusár.

InterCept ráðstefnan í Bretlandi

Almannavarnadeildin hefur um nokkurt skeið tekið þátt í verkefni um rýmingar og neyðarviðbúnað og fjöldarýmingar, sem Evrópusambandið styrkir. Aston háskólinn í Birmingham leiðir verkefnið og eru þátttakendur í verkefninu frá Bretlandi, Svíþjóð, Spáni, Póllandi, Þýskalandi, Danmörku, Belgíu, Búlgaríu, Íslandi og Japan.


Dagana 21 -23. september var haldin alþjóðleg ráðstefna um neyðarviðbúnað í Birmingham á Englandi, sem Aston Crisis Centre skipulagði og var þema ráðstefnunnar viðbúnaður í samstarfslöndunum vegna rýminga í hættuástandi og ýmsir tengdir þættir. Meðal framsöguerinda var umfjöllun um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli, sem Víðir Reynisson deildarstjóri almannavarnadeildarinnar hélt. Í erindi sínu lýsti Víðir viðbúnaði og viðbragði í gosunum, miðlun neyðarupplýsinga og samhæfing aðgerða frá Samhæfingarstöðinni og þremur rýmingum vegna eldgosanna. Þá hélt Sveinn Kristján Rúnarsson yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli erindi um kynningu rýmingaráætlana í héraði og Guðrún Jóhannesdóttir verkefnastjóri í almannavarnadeildinni fjallaði um áhættustjórnun og leiðir til að draga úr og milda áhættu. Margir áhugaverðir fyrirlestrar voru á ráðstefnunni um ákvörðunartöku og neyðaraðgerðir, hermanir, áfallaþol, viðvaranir til almennings vegna hættu auk ýmissa nýjunga í neyðarstjórnun.

Vinna við viðbragðsáætlun vegna gróðurelda

Árið 2009 óskaði Skorradalshreppur eftir tillögum frá Veðurstofu Íslands um það hvernig koma mætti á viðvörunarkerfi vegna gróðurelda. Veðurstofan mælti með einföldu matskerfi, varðandi hættu á gróðureldum, sem byggðist á jarðvegsraka. Matskerfið gæti verið fimm þrepa eftir rakastigi og aðstæðum hverju sinni. Brunamálstofnun vann að uppkasti að áætlun sem hægt er að nota við vinnslu fullgildra viðbragðsáætlunar vegna gróðurelda á öðrum stöðum á landinu. Ása M. Einarsdóttir og Jón G. Guðmundsson unnu drög að greinargerð sumarið 2010 undir umsjón Þrastar Þorsteinssonar. Notast er við safn upplýsinga frá Fasteignamati ríkisins, úr gögnum slökkviliðsins/hreppsins, úr veðurathugunum, vettvangsathugunum og frá heimamönnum. Þá var hluti verkefnisins settur fram með upplýsingum í stafrænu formi í Google Earth m.a. vatnstökustaðir, söfnunarsvæði og þess háttar. Skorradalshreppur og



almannavarnanefnd svæðisins halda áfram með þessa vinnu í samstarfi við almannavarnadeildina og mun henni ljúka með útgáfu viðbragðsáætlunar vegna kjarraelda fyrir Skorradalshrepp.



Svæðisskipting sumarhúsasvæða í Skorradal (úr áætluninni)

Vegur inn í elsta sumarhúshverfið á Indriðastöðum

NORDRED fundur á Íslandi

4. – 5. nóvember var haldinn samstarfsfundur í NORDRED á Íslandi. Samstarfið grundvallast á rammisamningi, Norræna björgunarsamningnum, sem Noregur, Svíþjóð, Danmörk og Finnland gerðu með sér 1989, um samvinnu milli landanna yfir landamærin til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á fólki, á eignum eða í umhverfinu af völdum slysa.



Ísland gerðist aðili að samningnum 2001. Norðurlöndin starfa mikið saman að verkefnum sem varða sameiginleg hagsmunamál í almannavörnum. Nýverið var lagt til af ráðherrum björgunarmála í löndunum í svonefndri Hagayfirlýsingu að aukin áhersla yrði lögð á samstarf landanna.



Dómsmálaráðherra í heimsókn hjá almannavarnadeild



Ögmundur Jónasson, dómsmála- og mannréttindaráðherra heimsótti almannavarnadeild ríkislögreglustjóra í Skógarhlíð, 1. nóvember s.l. Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður almannavarna í landinu en ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra. Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar kynnti fyrir ráðherranum starfsemi deildarinnar og helstu verkefni hennar. Ráðherra heimsótti einnig Samhæfingarstöðina sem embætti ríkislögreglustjóra starfrækir.

Almannavarnir og áhættuskoðun

Síðasti kynningarfundurinn um almannavarnalögin og áhættuskoðunarverkefnið með lögreglustjórum, almannavarnanefndum og öðrum viðbragðsaðilum var haldinn nú í desember í Vestmannaeyjum. Þar var sérstaklega til skoðunar hættumat vegna eldgoss í Vesmannaeyjum og viðbragðsáætlun vegna ferjunnar Herjólfss auk ýmissa annarra mála er varða aðgerðir og viðbúnað.

Þá hafa öll umdæmin verið heimsótt, breytingar á lögum um almannavarnir nr. 82/2008 verið kynntar og farið yfir lokadrög áhættuskoðunarverkefnisins. Nú hafa flest umdæmin lokið við verkefnið og sent það inn til almannavarnadeildarinnar. Nokkur umdæmi hafa þegar óskað eftir að hefja viðbúnað vegna mála sem þau settu í forgang í áhættuskoðuninni.



Flugslysaæfingar á Ísafirði og Bíldudal

Á þessu ári voru haldnar tvær flugslysaæfingar. Sú fyrri var haldin í byrjun maí á Ísafjarðarflugvelli og sú seinni á Bíldudalsflugvelli í lok september. Báðir flugvellir eru í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum. Tilgangur slíkra æfingar er að láta reyna á samvinnu allra viðbragðsaðila á svæðinu. Við undirbúning æfinganna var í boði fræðsla bæði í formi fyrirlestra og einnig verklegar æfingar. Þeir sem komu að fræðslunni og undirbúning æfingarinnar eru frá almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, Isavia, Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Landspítala, Rauða kross Íslands, rannsóknarnefnd flugslysa, Landhelgisgæslu, Neyðarlínu og slökkviliði Akureyrar. Báðar æfingar gengu mjög vel en vel reyndi á björgunarmenn í þeim verkefnum sem þeir þurftu að leysa. Þó svo að aðal markmið með æfingum sem þessum hafi verið flugslys þá nýtist undirbúningur, fræðsla og reynslan við hvaða slys sem er.





Vettvangsstjóranámskeið

Á þessu ári voru haldin þrjú vettvangsstjóranámskeið. Námskeiðin voru haldin á Suðurnesjum, Reyðarfirði og í lögregluskólanum. Námskeiðin sóttu starfsmenn lögreglu, slökkviliða og meðlimir björgunarsveita auk aðila frá öðrum einingum sem koma að neyðaraðgerðum. Vettvangsstjóranámskeið eru ætluð öllum þeim sem koma að samhæfingu neyðaraðgerða. Leitast er við að kenna viðbragðsaðilum stjórn neyðaraðgerða á vettvangi samkvæmt SÁBF verkþáttaskipuritinu og farið yfir ýmsa þætti sem upp geta komið slíka stjórnun. Að loknu námskeiði eiga þeir sem tóku þátt að hafa þekkingu til að stjórna og samhæfa viðbrögð á vettvangi.



Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra sendir samstarfsaðilum og landsmönnum öllum óskir um gleðilegt nýtt ár og þakkar samstarfið á árinu sem er að líða



Rögnvaldur, Ágúst Gunnar, Víðir, Guðrún og Íris